



# Gagnvirk og eflandi menntun

Ný hagnýt námskeið, opin öllum nemendum við Háskólann

*Menntavísindasvið HÍ býður upp á stutt hæfninámskeið fyrir fólk sem starfar við eða stefnir á starf með fullorðnu fólki þar sem það vinnur saman á gagnvirkan, lýðræðislegan og skapandi hátt. Þátttakendur læri hagnýta hæfni sem nýtist í fullorðinsfræðslu og þar sem fólk vinnur saman í litlum eða stærri hópum að skipulagningu, lausnum eða námi. Námskeiðin sem birtast undir fyrirsögninni „Gagnvirk og eflandi menntun“ er tækifæri til að læra hagnýta þætti kennslu, miðlunar og skapandi vinnu með hópum. Námskeiðin eru yfirleitt tveir til þrjú dagar.*

*Nemendur við Háskóla Íslands sem hafa tekið þrjú þessara námskeiða geta lokið námskeiðinu "Gagnvirk og eflandi menntun" sem gefur samtals fimm ECTS einingar. Sömuleiðis geta þátttakendur utan háskólans notað þáttökustaðfestingar frá þremur slíkum námskeiðum fengið þáttökuna metna til eininga á sama hátt skrái þeir sig síðar í nám við sviðið.*

Upplýsingar.  
Hróbjartur Árnason

S. 5255393 og  
hrobjartur@hi.is



## Almenn námskeið

### Fagmannleg samskipti í fræðslu og samvinnu

Verkstæði með hagnýtum æfingum um fagmannleg samskipti einkum við nemendur. Þátttakendur læra að skapa gott námsandrámsloft á námskeiðum og stuðla að virku námssamfélagi í hópi þátttakenda. Þeir læra að þekkja samskipti sem gætu leitt til erfiðleika eða vanda í samskiptum við þátttakendur á námskeiðum og hvernig er hægt að leiða þau farsællega og koma í veg fyrir vandamál. Þá læra þeir aðferðir til að takast á við "erfiða þátttakendur", þannig að þeir trufla síður námskeiðið og ná sjálfir að vera virkir þátttakendur á námskeiðinu.

### Fjölbreyttar aðferðir til að virkja þátttakendur

Á þessu námskeiði er málið að vinna með alls konar aðferðir sem stuðla að virkri þátttöku allra, hvort sem námskeiðið fer fram í kennslustofu eða að hluta eða öllu leiti á netinu. Þátttakendur vinna með aðferðir til að leggja grunninn að góðri þátttöku allra, og þeir læra alls konar aðferðir til að virkja þátttakendur í úrvinnslu námsefnis, bæði einir og í hópum.

### Leiðbeinandinn sem samferðamaður/lóðs (facilitator)

Í fullorðinsfræðslunni skiptir máli að leiðbeinandinn sjái hlutverk sitt sem verkstjóri, eða "lóðs" og taki að sér að leiða námsferlið en skapi nægilegt rými fyrir þátttakendur til að blómstra og axla ábyrgð á eigin námi og samstarfi sínu á námskeiðinu. Þátttakendur skoða sjálfa sig í hlutverki kennara og kynna sér hugmyndir um lóðs (e. Facilitator) og önnur hlutverk sem leiðbeinandi í fullorðinsfræðslunni getur tekið og þeir vinna með það hvernig þeir vinna með eigin viðhorf og hæfni til að ná árangri með fullorðnum. Þeir læra hagnýtar aðferðir sem nýtast í öllum lýðræðislegum og skapandi ferlum með hópum.





## Framsetning námsefnis

### Lifandi og áhrifarík framsögn

Á þessu námskeiði þjálfar þátttakendur sig í því að búa til áhrifaríkt kynningarefni og í því að flytja það þannig að áheyrendur hlusta, skilja og ná "rauða þræðinum" og gera eitthvað með innihaldið. Þátttakendur undirbúa kynningar og æfa flutning.

### Sýnileg framsetning við fundi og fræðslu

Þetta námskeið snýst um að gefa þátttakendum tækifæri til að læra og æfa ólíkar aðferðir við sýnilega framsetningu námsefnis og til að virkja þátttakendur í sameiginlegu námi sínu bæði á staðnum og vefnum. Þátttakendur kynna sér nokkrar ólíkar aðferðir til að setja efni fram sýnilega með og án tölvutækni og æfa sig í notkun sumra þeirra.



## Upplýsingatækni til fræðslu og gagnvirkni

### Notkun Upplýsingatækni við nám og kennslu

Á þessu gagnvirkra verkstæði læra þátttakendur nýjar leiðir til að styðja við nám og kennslu með upplýsingatækni. Við skipulagningu verkstæðisins er tekið mið af aðstæðum, áhuga og hæfni væntanlegra þátttakenda ásamt því sem er að gerast nýjast á þessum vettvangi.

### Áhrifarík kennsla með fjarfundabúnaði

Þátttakendur læra um virkni fjarfundakerfa og ólíkar leiðir til að vinna með nemendum og samstarfsfólki í gegnum slík kerfi. Áherslan er á að virkja þátttakendur í fjarfundum, skipulagningu og útfærslu vefstofa þar sem markmiðið er að miðla nýju námsefni OG stuðla að samtali, úrvinnslu og samvinnu allra þátttakenda.

### Gerð kennsluefnis með hljóð og mynd

Þátttakendur læra nauðsynlegustu handtökin í því að taka upp kennslu með mynd og hljóði. Þeir læra að skipuleggja kennslumyndskleið og hljóðvörp sem má nota sem kennsluefni eða reglulegan stuðning við nám. Þátttakendur læra bæði viðurkenndar leiðir við skipulagningu og uppsetningu efnis og handtök við upptöku, klippingu og vistun efnis á viðeigandi formi og á viðeigandi "stöðum" þannig að það reynist þeim auðvelt að koma efninu á framfæri við nemendur.



## Lýðræðislegar og skapandi aðferðir

Í þessum flokki námskeiða læra þátttakendur nokkrar vel þekktar aðferðir sem eru notaðar í vinnum með minni og stærri hópum í þeim tilgangi að nýta þekkingu sem býr í hópnum og leiða hópa að sameiginlegum niðurstöðum

### Open Space Technology

OST er aðferð sem er gjarnan notuð þegar fólk skipuleggur fundi eða ráðstefnur með stórum hópum þar sem þátttakendur deila djúpum áhuga á á kveðnu viðfangsefni og vilja finna lausnir. Aðferðin og skipulag fundanna gengur út á að tryggja að þátttakendur axli ábyrgð á eigin námi eða vinnu og vinni aðeins að þeim málefnum sem þeir hafa áhuga á eða sem snerta þá. Námskeiðið fer fram með formi OST þannig að þátttakendur læra um aðferðina með því að nota hana.

### Miðlunaraðferðin

Miðlunaraðferðin (þ. Die Moderations Methode) snýst um að "miðla málum" eða að "fá þá sem málið snertir til að láta sig það varða". Miðlunaraðferðin er lýðræðisleg aðferð sem byggir á sýnileika, gagnsæi, sjálfsábyrgð þátttakenda og virkni allra. Þátttakendur á námskeiðinu læra alls konar aðferðir til að setja efni fram á sýnilegan hátt, virkja þátttakendur og stuðla að vinnu þeirra með málefni sem snerta þá. Að loknu námskeiðinu ættu þátttakendur að geta leitt vinnu með aðferðinni og undirbúið fundi eða kenningu með þessari aðferð.

### World Café

World Café er enn ein lýðræðislega aðferðin sem snýst um það að virkja þátttakendur til samtals. Þátttakendur læra að skipuleggja fundi og ráðstefnur með þessari aðferð. Hún er þannig gerð að hún stuðlar að djúpum samtölum þátttakenda þannig að þátttakendur hagnast á umræðum allra og allra hugmyndir ná að dreifast um hópinn og fá umræðu.

### Skapandi lausnaleit (Creative Problem Solving)

CPS er trúlega þekktasta leiðin til að leiða hópa í gegnum skapandi ferli. Hér er málið að greina vanda, finna hugmyndir að lausnum, þróa lausnir og prófa þær. Þátttakendur læra aðferðir sem nýtast til að stýra slíkum ferlum og leiða hópa samstarfsfólks í gegnum skapandi ferli, hvort sem það er til að leysa vanda sem fyrirtæki eða stofnanir glíma við eða þróa nýjar þjónustur eða vörur.